



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 11/2017

Drög að reglum um tæknilega staðla varðandi yfirfærða útlánaáhættu vegna verðbréfunar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 25. ágúst 2017 nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

10. júlí 2017

REGLUR

um tæknilega staðla varðandi yfirfærða útlánaáhættu vegna verðbréfunar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna áhættuskuldbindingar vegna yfirfærðrar útlánaáhættu í samræmi við 29. gr. b, c og d laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og V. hluta reglugerðar um varfæriskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr.

Yfirfærð útlánaáhætta vegna verðbréfunar.

Fjármálafyrirtækjum sem skylt er að reikna yfirfærða útlánaáhættu vegna verðbréfunar skal framkvæma útreikningana í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 602/2014, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Fjármálafyrirtækjum sem skylt er að reikna yfirfærða útlánaáhættu vegna verðbréfunar skal framkvæma útreikningana í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 625/2014, með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.

Birting tæknilegra staðla.

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 602/2014 frá 4. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla til að gera samræmingu aðferðafræði eftirlitsstofnana mögulega með tilliti til beitingar viðbótaráhættuvoga, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
2. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 frá 13. mars 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja sem teljast til fjárfesta, umsýsluaðila, upphaflegra lánveitenda og útgefenda með tilliti til áhættuskuldbindinga vegna yfirfærðrar útlánaáhættu, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
3. Framseld reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1798 frá 2. júlí 2015, um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 625/2014, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla varðandi kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja sem teljast til fjárfesta, umsýsluaðila, upphaflegra lánveitenda og útgefenda með tilliti til áhættuskuldbindinga vegna yfirfærðrar útlánaáhættu, sem sett er á grundvelli reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 602/2014 og 625/2014 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1798 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

1. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1470393181362&uri=CELEX:32014R0602>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 166, þann 5. júní 2014, bls. 22-24;
2. <http://eur-lex.europa.eu/legal->

[content/EN/TXT/?qid=1470393181362&uri=CELEX:32014R0625](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1470393181362&uri=CELEX:32014R0625), birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 174, þann 13. júní 2014, bls. 16-25; og

3. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1470393181362&uri=CELEX:32015R1798>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 263, þann 2. júlí 2015, bls. 12-13.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimildum í b- lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. september 2017.